

Ritgerð Björns Bjarnasonar

Í ritgerð Björns Bjarnasonar bónda og alþingismanns á Grafarholti frá 1914 sem heitir Um örnefni nefnir hann fimm vegi sem legið hafi um Almannadal.

1) vegur til norðurs hjá Reynisvatni niður til veiðistöðvanna við sunnanverðan Kollafjörð, í Blikastaðagerði (þar sjást enn fiskibyrgin), Geldinganesi(?) og Gufunesi, og til verzlunar við kaupmenn, sem þar hafa legið á hinum góðu höfnum (t.d. Hallfreð vandræðaskáld á Leiruvogi), og til Viðeyjar:

2) vegur til vesturs um Árbæ til Seltjarnarness:

3) vegur til útsuðurs yfir Elliðaár á (Vatnsenda.) Skyggisvaði um Vatnsenda, Vífilstaði til Hafnarfjarðar, Álftaness og suður með sjó:

4) vegur fyrir ofan Rauðhóla og sunnan Elliðavatn, er farinn hefir verið þá er Elliðaár þóttu torfærar á vöðum fyrir neðan Vatn.

5) vegurinn austur frá öllum fyrrnefndum stöðum, sameiginlegur upp undir Lyklafell, hverjaleið er svo skyldi austur yfir hálendið (=fjallið), eins og fyrr segir. Einnig til selfara upp í heiðina:

Úr neðanverðum Trippadal liggur leið í átt að Almannadal neðanverðum (Almannadalskjafti) en á þeirri leið, norðan við Viðirholt eru gatnamót við miklar götur sem liggja til suðvesturs (Sunnan við Sprengiefnageymslur) niður um Tóttarlág þar sem göturnar sjást greinilega vestan við ryðguðu dælustöðina og stefna vestur Bugðubakka og síðan yfir Norðlingaholt að Skyggisvaði og þaðan til Vatnsenda og svo framvegis. Frá Almannadalskjafti hefur leið legið um Tryppanef sem er framundan Almannadal og yfir Hólmsá en þar er líklega sokkið vörðubrot á suðurbakka árinna síðan austan Rauðhóla og yfir Suðurá um Helluna á Helluvaði svokölluðu sem fór á kaf þegar stíflan var byggð sem myndar Elliðavatn en fyrir þann tíma voru þarna tvö lítil vötn Vatnsendavatn og Elliðavatn og Elliðavatnsengjar. Þar hefur leiðin sameinast leiðini um Löngubakka. Sameinuð leiðin lá svo hjá Elliðavatni og síðan undir Hjöllum í Heiðmörk.